

# Ársskýrsla Keilusambands Íslands

1999-2000



7. þing KLÍ  
14. og 15. apríl 2000

---



## DAGSKRÁ 7. ÞINGS KLÍ

### Föstudaginn 14. apríl og laugardaginn 15. apríl 2000 Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

#### **Föstudaginn kl. 20:00**

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
  - a) Kjörbréfanefnd.
  - b) Fjárhagsnefnd.
  - c) Laga- og leikreglnanefnd.
  - d) Allsherjarnefnd.
  - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

#### **ÞINGHLÉ**

#### **Laugardaginn kl. 10:00**

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
- 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
- 13 Kosnir þrír menn í dómstól og þrír til vara.
- 14 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 15 Þingslit.

# SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 23. apríl 1999 – 14. apríl 2000

7. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
föstudaginn 14. apríl og laugardaginn 15. apríl 1999

---

## STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Valgeir Guðbjartsson
<i>Varaformaður</i>	Hörður Ingi Jóhannsson
<i>Gjaldkeri</i>	Sirry Hrönn Haraldsdóttir
<i>Ritari</i>	Sigríður Klemensdóttir
<i>Meðstjórnandi</i>	Hafsteinn Sigurvinsson
<i>Varamenn:</i>	Jóna Alexandersdóttir Gunnar Gunnarsson Magnús Reynisson

---

## DÓMSTÓLL

<i>Aðalmenn:</i>	Guðjón Ólafsson Friðrik Ólafsson Jónas Gunnarsson
<i>Varamenn:</i>	Helga Sigurðardóttir Ingimundur Helgason Þórður Tyrfingsson

## SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðni Gústafsson  
Pétur Helgason

---

## NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

**Aganefnd** Þórir Ingvarsson *form.*  
Guðný Gunnarsdóttir  
Ómar Kristjánsson

**Tækninefnd** Ásgrímur H. Einarsson *form.*  
Jón Helgi Bragason  
Jón Friðrik Ólafsson

**Unglinganefnd** Ingiber Óskarsson *form.*  
Guðmundur Sigurðsson  
Guðrún Soffía Guðm.d.  
Magnús Reynisson

**Laga- og leikreglanefnd** Þórir Ingvarsson *form.*  
Gunnar Gunnarsson  
Sigurjón Guðfinnsson

**Upplýsinganefnd** Gunnar Gunnarsson *form.*  
Þórhallur Hálfðánarson *netstj.*

**Mótanefnd** S. Unnur Vilhjálmsdóttir *form.*  
Sölvi B. Hilmarsson  
Þórhallur Hálfðánarson  
Þórir Ingvarsson

**Kerfisstjóri** Ásgeir Þór Þórðarson



## INNGANGUR

Nú þegar Keilusambandið hefur starfað í átta ár þá eru helstu störf stjórnar og nefnda komin í ákveðnar skorður, þó verður alltaf áherslumunur á, eftir því fólki sem starfar í stjórninni og nefndunum.

Á liðnu starfsári hefur stjórnin fundað reglulega annan hvern þriðjudag og oftast ef þörf hefur verið á, eins hafa líka fallið niður fundir vegna sumarleyfa og þess háttar. Alls hafa verið 23 stjórnarfundir frá síðasta þingi.

Nefndir Keilusambandsins hafa einnig nóg að gera en því miður hafa ekki allar sinnt starfi sínu sem skildi.

Almennum iðkendum í keilu hefur fjölgað verulega undanfarin ár, en því miður hefur keilurum sem stunda keilu sem keppnisíþrótt fækkað þó nokkuð á undanförunum 2-3 árum. Við getum leitað ýmissa skýringa en hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér, nýliðun hefur ekki verið fyrir hendi hjá flestum keilufélögum og meðan svo er þá fjölgar ekki í keppniskeilunni.

Fyrir um þ.b. 2 árum gerði Keilusambandið samning við erlendan þjálfara, Mats Wetterberg, samning sem hljóðaði uppá 2ja ára tímabil, á tímabilinu náðist mjög góður árangur, sérstaklega hjá unglíngunum sem náðu í 3 verðlaun á síðasta Norðurlandamóti unglíngja, einnig náðist ágætis árangur hjá karlalíðinu sem fór á Heimsmeistaramótið sem var haldið í Abu Dhabi í nóvember síðastliðnum. En ráðning á erlendum þjálfara kostar peninga, peninga sem lítið sérsamband eins og KLÍ stendur vart undir nema með miklum styrkjum utanaðkomandi aðila, sem því miður hefur ekki gegnið eftir.

Ársreikningur sambandsins ber þess merki að þjálfara- og landsliðskostnaður hafi verið of hár miðað við fjárhag, því var ákveðið að reyna að ná utan um þjálfunarkostnað með því að ráða innlenda þjálfara fyrir næstu verkefni. Áhersla á markvissa þjálfun hefur beint keilunni á réttar brautir og skilað árangri sem eftir hefur verið tekið, en leggja þarf áherslu á að slík þjálfun sé einnig hjá einstökum félögum því á því byggir landsliðsfólk framtíðarinnar að hafa fengið grunnþjálfun hjá sínu félagi..

Því miður kemur of oft fyrir í okkar litla “keilusamfélagi” að aðilar gleyma eða hugsa ekki úti alvöruna í leik okkar. Flest þau mót sem Keilusambandið stendur fyrir eru mót þar sem keppt er til landsmeistaratitils, þetta er alvöru keppni en ekki saumaklúbbar. Ef við ætlum að fá virðingu hjá fjölmiðlum og öðrum þá verðum við líka að bera virðingu fyrir íþróttinni og þeim reglum sem keppt er eftir. Gagnrýnt hefur verið “umfjöllunarleysi” fjölmiðla um keiluíþróttina en meðan þátttakendur í mótum ( hvort sem um er að ræða lið eða einstaklinga) sýna íþróttinni ekki þá virðingu að mæta til keppni t.d. í deildarleiki, þannig að lið hreinlega séu að gefa leiki eða spila með blindskor í efstu deild íþróttarinnar þá verður umfjöllun aldrei mikil, nema þá helst á neikvæðum nótum.

Valgeir Guðbjartsson  
formaður KLÍ



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá tíu félögum frá fjórum héraðssamböndum. Samkvæmt eldri upplýsingum frá ÍSÍ sem fengnar eru úr kennsluskýrslum þá er um að ræða töluverða fækkun síðastliðin 2 ár. Það er líka ljóst að almennir iðkendur í keilu eru mun fleiri en skráðir eru hjá keilufélögunum.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,

fjöldi iðkenda skv. kennsluskýrslum til 1998 og fjöldi keppenda frá árinu 1998 skv. KIÍ

Félag/ keiludeild	Sveitar fél.	Stofnað	Fjöldi iðkenda/keppenda				Keppendur 1999
			1995	1996	1997	1998	
<b>Samtals</b>			<b>566</b>	<b>651</b>	<b>511</b>	<b>436</b>	<b>422</b>
KFR	ÍBR	10. sept. 85	206	197	212	177	<b>159</b>
KR	ÍBR	27. júní 90	54	57	64	37	<b>46</b>
ÍR	ÍBR	1994	99	129	133	58	<b>58</b>
Fylkir	ÍBR	1994		7	7	5	<b>6</b>
ÍFH	ÍBR	1994	19	–	–	9	<b>8</b>
Ösp	ÍBR			12	–	–	–
KSÁÁ	ÍBR	1997			–	8	<b>12</b>
HK	UMSK	1994	7	13	13	20	<b>17</b>
KGB	UMSK	25. maí 89	38	35	49	27	<b>27</b>
Keflavík	ÍRB	1995	18	50	33	39	<b>73</b>
KFS	ÍRB	31. júlí 89	125	151	–	34	<b>-</b>
ÍA	ÍA	1997				19	<b>16</b>

### KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetur:

- Keiluhöllinni í Öskjuhlíð, 18 brautir.
- Keila í Mjódd, 10 brautir.
- Keilubæ í Keflavík, 6 brautir.

### VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Keilarar ársins 1999 voru að þessu sinni tveir, í kvennaflokki var **Sólveig Guðmundsdóttir KFR** valin keilari ársins. Solla var Íslandsmeistari einstaklinga 1999. Solla varð einnig Íslandsmeistari með liði sínu, Flökkurum, og hún sló 12 ára gamalt íslandsmet í einum leik í kvennaflokki á árinu. Í karlaflokki var **Freyr Bragason KFR** keilari ársins. Freyr var Íslandsmeistari einstaklinga 1999.

Í lok keppnistímabilsins völdu deildarspilarar leikmenn tímabilsins; Sólveig Guðmundsdóttir KFR var valin í kvennaflokki og Jón Helgi Bragason ÍR í karlaflokki.

### REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili sem nú er að ljúka kepptu 261 keilarar í deildarkeppninni í samtals 44 liðum og við héldum Íslandsmót einstaklinga með 43 þátttakendum. Þetta er fækkun um 75 keilara bæði í deild og einstaklingsmótinu miðað við fyrra ár. Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

---

- Íslandsmót í tvímenningi í maí
  - Íslandsmót í tvímenningi deildarliða í ágúst
  - Meistarakeppni KLÍ í september
  - Íslandsmót 4ra manna liða í október – apríl
  - Íslandsmót para í janúar
  - Íslandsmót einstaklinga í febrúar
  - Bikarkeppni liða í október – apríl
  - Meistarakeppni ungmenna í október – mars
  - Íslandsmóti unglingsliða í október – apríl.
  - Íslandsmót unglingsliða í janúar
- 

### ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 1999

Átján tvímenningar tóku þátt í mótinu en sigurvegarar urðu:

1. sæti Ásgeir Þ. Þórðarson, ÍR og Halldór R. Halldórsson, ÍR – **Íslandsm. í tvím. '98**
  2. sæti Hjálmtýr I. Ingason, ÍR og Jón Helgi Bragason, ÍR
  3. sæti Ívar G. Jónasson, KFR og Steinþór G. Jóhannsson, KR.
- 

### ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI DEILDARLIÐA

Mótið var haldið í ágúst 1999. Þátt tóku 6 karlalið, en þátttaka kvennaliða var ekki næg.

- Karlar:*
1. sæti PLS, ÍR
  2. sæti Lærlingar, KFR
  3. sæti KR-a
- Konur:* (Engin lið úr kvennadeild kepptu)
- 

### MEISTARAKEPPNI KLÍ

- Karlar:*
1. sæti KR-a
  2. sæti PLS, ÍR
- Konur:*
1. sæti Flakkarar, KFR
  2. sæti Afturgöngurnar, KFR
- 

### ÍSLANDSMÓT PARA

Mótið var haldið í janúar 2000. Þátt tóku 12 pör.

1. sæti Elín Óskarsdóttir KFR og Freyr Bragason KFR – **Íslandsmeistarar para '99**
  2. sæti Guðný Gunnarsdóttir ÍR og Arnar Sæbergsson ÍR
  3. sæti Dagný Edda Þórisdóttir KFR og Ívar G. Jónasson KFR
- 

### BIKARKEPPNI LIÐA 1999-2000

- Karlar:*
1. sæti Lærlingar, KFR
  2. sæti KR-a
- Konur:*
1. sæti Flakkarar, KFR
  2. sæti ÍR TT
-



# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

## ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 1999–2000

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 1999 – 2000

Félög	1. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	3. deild karla	Samtals '99-'00	Samtals '98-'99	Samtals '97-'98	Samtals '96-'97
KFR	6	6	5	2	<b>19</b>	19	24	21
KGB	-	-	1	2	<b>3</b>	4	4	5
KR	1	1	2	-	<b>4</b>	4	5	5
KFS	-	-	-	-	-	4	4	9
Keflavík	1	1	2	2	<b>6</b>	5	5	4
ÍFH	-	-	-	-	-	1	1	1
HK	-	1	1	-	<b>2</b>	3	2	2
ÍR	2	3	-	2	<b>7</b>	8	8	7
Fylkir	-	-	1	-	<b>1</b>	1	1	1
KSÁÁ	-	-	-	1	<b>1</b>	1	1	-
ÍA	-	-	-	1	<b>1</b>	1	1	-
<b>Samtals</b>	<b>10</b>	<b>12</b>	<b>12</b>	<b>10</b>	<b>44</b>	<b>51</b>	<b>56</b>	<b>55</b>

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

**1. deild kvenna:** 1. sæti **Flakkarar KFR** **Íslandsmeistarar liða**  
2. sæti Afturgöngurnar KFR  
3. sæti Keilustystur KFS  
4. sæti Keiluálfar KFR  
*Deildarmeistarar 1. deildar:* Flakkarar KFR

**1. deild karla:** 1. sæti **Lærlingar, KFR** **Íslandsmeistarar liða**  
2. sæti KR-a  
3. sæti PLS, ÍR  
4. sæti Keflavík-a  
*Deildarmeistarar 1. deildar:* KR a

Úr 1. deild féllu Þröstur KFR (11. sæti) og Úlfarnir KFR (12. sæti).

**2. deild karla:** 1. sæti **KR b** **Íslandsmeistarar 2. deildar**  
2. sæti Sveitamenn Keflavík  
3. sæti JP Kast KFR

Úr 2. deild féllu HK-T (11. sæti) og Sveigur KFR (12. sæti).

**3. deild karla:** 1. sæti **ÍA** **Íslandsmeistarar 3. deildar**  
2. sæti ÍR P  
3. sæti Rennubanar KGB



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk laugardaginn 26. febrúar 1999. Keppt var í tveim flokkum karla og einum flokki kvenna. Alls tóku 43 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 16. febrúar 2000, 31 í karlaflokki og 12 í kvennaflokki. Íslandsmeistararnir í meistaraflokki unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í Bergen í Noregi um mánaðarmótin ágúst-september n.k. Keilusambandið greiðir bæði ferðir og gistingu vegna Evrópumótsins.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

#### Meistaraflokkur kvenna

1. sæti **Elín Óskarsdóttir, KFR – Íslandsmeistari kvenna 2000**
2. sæti Jóna Gunnarsdóttir, KFR
3. sæti Ágústa Þorsteinsdóttir, KFR

#### Meistaraflokkur karla

1. sæti **Steinþór G. Jóhannsson, KR - Íslandsmeistari karla 1999**
2. sæti Freyr Bragason, KFR
3. sæti Jón Helgi Bragason, ÍR

#### 1. flokkur karla

1. sæti Ársæll Björgvinsson, KR – Íslandsmeistari í 1. flokk karla
2. sæti Eiríkur A. Björgvinsson, Keflavík
3. sæti Karl Eiríksson, KR

Ekki var keppt í 1. flokki kvenna vegna ónógrar þátttöku.

#### Verðlaunadreifing á milli félaga varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '00	Samt. '99	Samt. '98
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	1	2	1	4	5	9
ÍR – Keiludeild ÍR	-	-	1	1	1	1
KR – Keiludeild KR	2	-	1	3	2	1
KFS – Keilufélag Suðurnesja	-	-	-	-	-	1
KEF – Keiludeild Keflavíkur	-	1	-	1	-	1
HK – Keiludeild HK	-	-	-	-	1	-
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>9</b>	<b>12</b>	<b>15</b>

#### Dreifing keppenda í Íslandsmóti einstaklinga

Keilufélag	Ka '00	Ko '00	Samt.'00	Ka '99	Ko '99	Samt.'99	Ka '99	Ko '98	Samt.'98
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	13	10	23	20	10	30	29	14	43
ÍR – Keiludeild ÍR	8	-	8	8	1	9	9	5	14
KR – Keiludeild KR	10	-	10	7	-	7	3	-	3
KFS – Keilufélag Suðurnesja	-	-	-	-	-	-	4	1	5
KEF – Keiludeild Keflavíkur	-	2	2	-	-	-	1	-	1
HK – Keiludeild HK	-	-	-	2	-	2	3	-	3
KGB – Keilufélag Garðabæjar	-	-	-	1	-	1	3	-	3
ÍFH – Íþróttaf. heyrnarlausra	-	-	-	-	-	-	-	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	-	-	-	-	-	-	1	-	1
<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>12</b>	<b>43</b>	<b>38</b>	<b>11</b>	<b>49</b>	<b>53</b>	<b>20</b>	<b>73</b>





# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2000

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd sunnudaginn 19. mars 2000.

Alls kepptu 15 unglingar í fjórum flokkum pílta og stúlkna. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '00	St. '00	Hlutf.dreif. '00	Dr. '99	St. '99	Hlutf.dreif. '99	Dr. '98	St. '98	Hlutf.dreif. '98
KFR 9	8	1	60 %	12	5	47 %	14	4	62 %
K *) 4	2	2	26 %	8	5	36 %			
KFS							4	2	21 %
KEF							2	2	14 %
KR 2	2	–	14 %	6	0	17 %	1	–	3 %
ÍR	–	–	–	–	–	–	–	–	–
<b>Samtals</b>	<b>12</b>	<b>3</b>	<b>15</b>	<b>26</b>	<b>10</b>	<b>36</b>	<b>21</b>	<b>8</b>	<b>29</b>

\*) Unglingar frá KEF og KFS

1. og 2. flokkur lék 18 leiki í forkeppni en 3. flokkur lék 12 leiki.

Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í öllu mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 00	Silfur 00	Brons 00	Samtals 00	Gull 99	Silfur 99	Brons 99	Samtals 99	Gull 98	Silfur 98	Brons 98	Samt. 98
KFR	6	2	2	10	5	3	3	11	7	4	2	13
K	1	3	2	6	3	4	4	11	0	2	2	4
KFS									0	2	2	4
KEF									2	2	1	5
KR	–	1	–	1	1	2	1	4	–	1	1	2
ÍR	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
<b>Samtals</b>	<b>7</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>17</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>26</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>6</b>	<b>24</b>

### Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

### PILTAR:

1. fl. **Magnús Magnússon** KFR  
Björgvin Harðarson KFR
2. fl. **Gústaf S. Björnsson** KFR  
Eiríkur Arnar Björgvinsson Keflavík  
Atli Þór Annelsson Keflavík
3. fl. **Árni Þór Finnsson** KFR  
Kristján Karlsson KR  
Hafþór Harðarson KFR



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### STÚLKUR

- |        |   |                             |
|--------|---|-----------------------------|
| 1. fl. | <b>Dagný Edda Þórisdóttir</b>                             | <b>KFR</b>                  |
| 2. fl. | <b>Íris Dröfn Bjarnadóttir</b><br>Sigurborg Haraldsdóttir | <b>Keflavík</b><br>Keflavík |

### OPINN FLOKKUR – PILTAR

ÍSLANDSMEISTARI UNGLINGA Í OPNUM FLOKKI

- |                         |            |
|-------------------------|------------|
| <b>Magnús Magnússon</b> | <b>KFR</b> |
| Gústaf S. Björnsson     | KFR        |
| Björgvin Harðarsson     | KFR        |

### OPINN FLOKKUR – STÚLKUR

ÍSLANDSMEISTARI UNGLINGA Í OPNUM FLOKKI

- |                               |            |
|-------------------------------|------------|
| <b>Dagný Edda Þórisdóttir</b> | <b>KFR</b> |
| Íris Bjarnadóttir             | Keflavík   |
| Sigurborg Haraldsdóttir       | Keflavík   |

### **MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 1999–2000**

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og eru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt eru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lendir. Leikmaður safnar stigum og eftir allar umferðirnar kemur í ljós hver verður „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki.

- Kept var í þremur aldurshópum, 1. flokkur: 19 – 20 – 21 – 22 ára (6 leikir)  
2. flokkur: 15 – 16 – 17 – 18 ára (6 leikir)  
3. flokkur: 11 – 12 – 13 – 14 ára (3 leikir)

#### **1. fl. pilta (1977–1980)**

- |        |                                |            |
|--------|--------------------------------|------------|
| 1.sæti | <b>Hjörvar Ingi Haraldsson</b> | <b>KFR</b> |
| 2.sæti | Ívar G. Jónasson               | KFR        |
| 3.sæti | Helgi Þór Þórsson              | KFR        |

#### **2. fl. pilta (1981–1984)**

- |        |                               |           |
|--------|-------------------------------|-----------|
| 1.sæti | <b>Steinþór G. Jóhannsson</b> | <b>KR</b> |
| 2.sæti | Eiríkur A. Björgvinsson       | Keflavík  |
| 3.sæti | Atli Þ. Annelsson             | Keflavík  |

#### **3. fl. pilta (1985–1988)**

- |        |                          |            |
|--------|--------------------------|------------|
| 1.sæti | <b>Árni Þór Finnsson</b> | <b>KFR</b> |
| 2.sæti | Kristján Karlsson        | KR         |
| 3.sæti | Baldvin Örn Ólafsson     | KR         |

#### **1. fl. stúlkna (1977–1980)**

Engin þátttaka var í þessum flokki.

#### **2. fl. stúlkna (1981–1984)**

- |        |                             |                 |
|--------|-----------------------------|-----------------|
| 1.sæti | <b>Íris D. Bjarnadóttir</b> | <b>Keflavík</b> |
| 2.sæti | Sigurborg Haraldsdóttir     | Keflavík        |
| 3.sæti | Dagný Edda Þórisdóttir      | KFR             |

#### **3. fl. stúlkna (1985–1988)**

Engin þátttaka var í þessum flokki.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Á liðnu tímabili var tekið þátt í 2 landskeppnum. Í september fóru Íslandsmeistararnir á Evrópubikarmót einstaklinga í Netanya í Ísrael. Auk þess tók Jón Helgi Bragason þátt í Heimsbikarmóti einstaklinga, AMF World Cup í Las Vegas í Bandaríkjunum. Heimsmeistarmótið var síðan í lok nóvember í Abu Dhabi.

### EVROPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubikarmót einstaklinga, sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða, fór fram í Netanya í Ísrael 1. til 5. september. Þátttakendur voru landsmeistarar frá tuttugu og sjö þjóðum auk sigurvegara frá því 1999.

Fyrir Íslands hönd kepptu Íslandsmeistararnir 1999, Sólveig Guðmundsdóttir KFR og Freyr Bragason KFR. Solla endaði í 25. sæti með 169,5 stig að meðaltali. Freyr endaði í 16. sæti með 191,3 að meðaltali í mótinu.

Með Sollu og Frey var landsliðsþjálfarinn Mats Wetterberg.

### Heimsmeistaramótið

Eingöngu var sent karlalið á Heimsmeistaramótið í Abu Dhabi sem var haldið dagana 16. nóvember til 2. desember 1999. Liðið stóð sig með ágætum og náði þeim frábæra árangri að ná 14. sæti í liðakeppninni af 59 liðum, 25 sæti í þrímenni, 33 sæti í tvímenni og 62. sæti í samantögu skori einstaklings. Alls tóku 345 keppendur þátt í karlaflokki. Hér á eftir er heildar árangur einstakra manna í keppninni.

- 62. Jón Helgi Bragason. ÍR.
- 135. Björn G. Sigurðsson. KR.
- 136. Ívar G. Jónasson, KFR
- 152. Björn Birgisson, KFR
- 156. Steinþór G. Jóhannsson. KR.
- 162. Freyr Bragason, KFR.

Með liðinu fóru Valgeir Guðbjartsson, formaður KLÍ og þjálfararnir Mats Wetterberg og Theódóra Ólafsdóttir.

### SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegur samráðsfundur keilusambanda Norðurlandanna var haldinn í Stokkhólmi 14. og 15. febrúar 2000 og fóru Valgeir Guðbjartsson og Sigríður Klemensdóttir á fundinn. Þar var fjallað um starfsemi keilusambandanna, samstarf Norðurlandanna, sambandið við alþjóðasamtökin og hvað væri helst á döfinni. Fjallað var m.a. um Norðurlandamótin, Norrænar sumarþingir unglinga, og sameiginlega útgáfu á kennslumyndbandi.



## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

### LANDSLIÐSPJÁLFUN

Keilusambandið hafði samkomulag við Mats Wetterberg frá Lysekil í Svíþjóð um að þjálfa landsliðin út árið 1999. Aðstoðarlandsliðspjálfari og staðgengill Mats hér á landi var Theódóra Ólafsdóttir. Eftir að samningstíma þessum lauk þá ákvað stjórn KLÍ að snúa sér til innlendra þjálfara með framhaldið og var gert samkomulag við Theódóru Ólafsdóttur og Sigurð Lárusson um þjálfun landsliðanna, Theódóra hefði umsjón með þjálfun kvenna- og unglíngalandsliða en Sigurður um karlalandsliðið. Eftir um 2 mánuði þá sagði Sigurður starfi sínu lausu og hefur Jón Helgi Bragason verið ráðinn tímabundið til að hugsa um karlaliðið, a.m.k. fram yfir Evrópubíkarkeppni landsliða sem verður haldin í Ísrael í byrjun júní n.k. Þjálfunarkostnaður vegna landsliðanna á síðasta ári var mjög mikill fyrir ekki stærra samband en KLÍ og ber ársreikningur sambandsins þess merki, hins vegar má segja að á síðasta ári hafi líka verið uppskorið eins og til var sáð, snemma á árinu 1999 unnust verðlaun á Norðurlandamóti Unglinga, landsliðið náði mjög góðum árangri á Heimsmeistaramótinu og keppandi frá Íslandi náði frábærum árangri á AMF World Cup.

### MÓTASKRÁNING

Skráningu deildarskors hefur farið fram á skrifstofu KLÍ, Sesselja Unnur Vilhjálmisdóttir hefur séð um skráninguna og voru deildarúrslitin uppfærð á heimasíðuna. Nokkuð hefur þó verið um að einstaklingsmót, t.d. Íslandsmót einstaklinga hafi verið skráð inn í Keilu í Mjódd.

### DÓMARANÁMSKEIÐ

Haldið var eitt dómarnámskeið á tímabilinu, í Reykjavík, og var þetta námskeið í umsjón Þóris Ingvarssonar eins og undanfarin ár. Tæplega 200 keilarar hafa sótt slík námskeið og hlotið gild dómaraéttindi.